

Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar.

Skýrsla forseta, starfsárið 2007-2008.

(Flutt á klúbbfundi 26 júní 2008.)

Ágætu rótarýfélagar!

61. starfsár Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar er senn á enda.

Þetta starfsár hefur verið sérstaklega viðburðaríkt en um leið hefur það verið lærdómsríkt og skemmtilegt. Ég vildi ekki hafa misst af þessu verkefni sem þið gáfuð mér fyrir nokkurn mun þó að ég hafi stundum með nokkurri óþreyju talið fundina sem eftir voru.

Forseti Rotary International þetta starfsár hefur verið Wilf J. Wilkingsson frá Kanada og einkunnarorð starfsársins sem hann valdi voru: “Rotary Shares “ eða “Rótarý leggur lið” og má segja að það falli einkar vel að okkar aðalverkefni, Kimberleyverkefninu sem ég kem að síðar. Þau hjón komu í heimsókn til Íslands í júní og nokrir félagar tóku þátt í móttöku á Hótel Sögu þeim til heiðurs.

Fjórtán formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, eða rúmlega einn í mánuði. Þar að auki var stjórnin í tölvusambandi þegar á þurfti að halda.

Stjórnin fékk það stóra verkefni á þessu starfsári að finna nýjan fundarstað fyrir klúbbfundi. Það er óhætt að segja að þessi vinna tók mikinn tíma, marga fundi og vettvangskannanir. Það er ekki um auðugan garð að gresja að finna heppilegan stað í Hafnarfirði. Við vorum orðin mjög leið á Gaflinum og maturinn var sífellt umkvörtunarefni. En það gekk lítið í fyrstu að finna stað. Um áramótin tókum við í stjórninni þá áhættu að að segja upp á Gaflinum og skeltum okkur út í óvissuna. Það er skemmst frá því að segja að þegar neyðin er stærst er hjálpin næst. Og viti menn: Félagi okkar Haraldur Jónsson býður fram húsnæði til leigu á topp stað í bænum og í millitíðinni vorum við búin að finna einn besta kokkinn í bænum til að elda fyrir okkur. Fyrsti fundur okkar hér í Turninum var haldinn 3. apríl sl. Þessi flutningur hefur gengið vel og við heyrum ekki annað en að almenn ánægja sé með þetta hjá okkur meðal félaganna. Þó ekki sé búið að finna endanlegan stað fyrir ræðupúltið er það í vinnslu. Arkitektinn okkar hann Sigurþór er með það verkefni og vonandi skilar því fljótlega svo öllum líki.

Haldnir voru 49 formlegir klúbbfundir á starfsárinu og Klúbbþing var haldið 13 september mín skoðun er sú að gott sé að halda klúbbþing svona snemma á starfsárinu og móta stefnu fyrir árið. Á klúbbþinginu var rætt um félagsstarfið og margar hugmyndir komu fram. Meðal annars var kosið í fánanefnd í nefndina voru kosnir Kristján Stefánsson, Hjalti Jóhannsson og Bjarni Þórðarson, þeim var falið að skoða sögu klúbbfánans okkar, þeir unnu þetta verk mjög vel og er akkur í því fyrir klúbbinn í framtíðinni að þessi vinna skyldi fara fram.

Í framhaldinu kom fánanefndin fram með tillögu um nýjan fána fyrir klúbbinn sem stjórnin samþykkti á stjórnarfundum 4.júní og klúbbfundur samþykkti með miklum meirihluta á fundi 5 júní 2008. Færi ég þeim í fánanefndinninn bestu þakkir.

Aldrei var skortur á fundarefnum á fundum. Félagar stóðu sig með þrygð og öflun góðra fundarefna. Fundarefni hafa verið mjög fjölbreytt og fræðandi, og erfitt er að gera upp á milli þeirra. Fyrirlesarar hafa komið úr öllum áttum og verið hver öðrum betri. Margir klúbbfélagar hafa útvega fyrirlesara, sem skapar fjölbreytnina. Þetta gerir félagana virkari þátttakendur í klúbbstarfinu.

Þriggja mínútu erindin voru skemmtileg og fræðandi mér finnst alveg ómissandi þegar félagar koma fram og segja okkur hinum hvað þeim býr í brjósti.

Nokkur fundarefni voru hefðbundin, eins og stjórnarskipti, tilnefningar til stjórnar, kosning stjórnar, einnig árshátíð, jólafundur, niðjafundur og þorrablót.

Þá fluttu þrír af okkar nýju félögum starfsgreinarerindi og gáfu okkur þannig innsýn í það sem þeir eru að fást við. Þetta voru: Guðmundur Guðmundsson, Pétur Óskarsson og Guðmundur Þórðarsson. Auk þeirra voru teknir inn í klúbbinn á árinu Gunnar Rafn Sigurbjörnsson og Axel Valdimar Gunnlaugsson.

12. júlí var farið í norska húsið í Heiðmörk og haldinn þar kvöldfundur í yndislegu verðri undir forystu Guðbjartar og hans góðu konu og annarra félaga hans í klúbbþjónustunefnd. Gylfi Sigurðsson og Steingrímur Guðjónsson tóku að sér að sjá um að grilla matinn við góðar undirtektir félaganna. Mikil ánægja er með þessa tilbreytingu í fundarstarfinu.

Umdæmisstjórinn Pétur Bjarnason og eiginkona hans komu í heimsókn þann 15 nóvember. Pétur flutti okkur áherlsur umdæmisstjóra og forseta Rotary International.

Forseti var boðinn á 2000 fund hjá RK görðum í janúar sl. Ég flutti kveðjur frá okkar klúbbi í tilefni þessara tímamóta.

Forseti var boðinn til Færeyja til taka þátt í hátíðafundi í tilefni af 40 ára afmæli RK Torhavn. Sigurþór Aðalsteinsson og Trausti Lárusson ætluðu að fara og vera fulltrúar klúbbsins en því miður var ekki flogið til Færeyja vegna veðurs. Klúbburinn sendi heillaóskir til klúbbsins. Félagar í Alþjóðanefnd þau Guðmundur Friðrik og Hallfríður sendu Rótaryklúbbum Torhavn bréf og hvöttu til að klúbbarnir mundu endurnýja vináttu og hafa meira samband sín á milli.Ég vil hér með þakka þetta framtak hjá þeim.

Mætingar félaga á klúbbfundi hafa verið nokkuð góðar í heildina séð 70-80% meðaltalsmæting. Minna má félaga á að mæta á fundi í öðrum klúbbum bæði innanlands sem utan. Þannig er hægt að öðlast vitneskju um hvernig aðrir klúbbar starfa. Af því getum við lært og eflt okkar klúbb. Með þessu geta félagar líka bætt upp sína eigin mætingu.

Félagar okkar Bjarni Jónsson og Skúli Þórsson létust á starfsárinu. Við söknum þessara góðu félaga okkar með vinsemd og virðingu. Einnig létust á árinu fyrrverandi rötaryfélagar okkar þeir Bragi Guðmundsson læknir og Óttar Proppe.

Blessuð sé minning allra þessara félaga okkar.

Í upphafi starfsársins voru 77 félagar í klúbbnum , þar með taldir 2 heiðursfélagar þeir Pétur Þorbjörnsson og Níels Árnasson. Einn félagi, Haraldur Sigurðsson sagði sig úr klúbbnum á árinu.

Nefndir störfuðu með hefðbundnum hætti á starfsárinu.

Landgræðslunefnd starfaði undir forystu Sigurðar Haraldssonar. Nefndin hafði veg og vanda að skógarhöggi jólatrjáa fyrir jólin. Einnig var haldinn fundur í skóræktinni 23 ágúst en vegna veðurs var ákveðið að fara í hús og þá voru þau hjón Jón Vignir og Hjördís tilbúin með sinni alkunnu gestrisni

að bjóða okkur afnot af húsinu sínu til að halda fundinn þar. Í gróðursetningarferðinni 24 maí sl. var bæði plantað trjám og einnig grafið fyrir minningarsteininum sem samþykkt var að reisa í minningu látinna féлага okkar. Gjafafé frá Níelsi Árnasyni er notað í þessa framkvæmd. Að þessu loknu buðu hjónin Jón Vignir og Hjördís í kaffi og heitar vöfflur með rjóma í húsi sínu. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim hjónum gestrisnina. Gjafafé frá Níelsi Árnasyni er notað í þessa framkvæmd. Gert er ráð fyrir að halda áfram með framkvæmdir í skógarlundinum og gera hann aðgengilegri fyrir Rótarýféлага og aðra til að eiga þarna góða stund með fjölskyldunni. Þráinn Hauksson félagi okkar hefur teiknað upp lundinn og gert tillögur um göngustíga við þökkum honum fyrir og eins hefur Sigurður Haraldsson verið útsjónarsamur um framkvæmdirnar. Minningarsteinninn verður afhjúpaður í dag 26 júní kl. 18,00 og vil ég biðja ykkur sem flest að koma og taka þátt í þessum viðburði. Bæjarstjóra verður að þessu tilefni afhent mappa með sýnishornum af öllum jólafrímerkjum sem gefin hafa verið út frá upphafi í tilefni af 100 ára afmæli bæjarins. Áður hafa möppur með jólamerkjunum verið afhentar í Þjóðskjalasafnsins og Bókasafns Hafnarfjarðar. Skúli Þórsson tók þetta saman með hjálp Guðna Gíslasonar og ber að þakka þeim þetta frumkvæði.

Æskulýðsnefnd starfaði undir forystu Ólafs Hauks Magnússonar. Okkar klúbbur er mjög virkur í æskulýðsmálum. Hallfríður Helgadóttir hefur starfað í æskulýðsnefnd á vegum umdæmisins ásamt Jóni Ásgeiri. Hallfríður hefur verið ötul að kynna fyrir okkur sumarþing fyrir ungt fólk og hvetja okkur að nýta þessi tækifæri fyrir börn og barnabörn. Gert er ráð fyrir að skiptinemi komi til okkar á næsta starfsári. Skiptinemastarfið er tvímælalaust einn umfangsmesti og um leið einn mikilvægasti þátturinn í starfi Rótarý á heimsvísu, og er sérstaklega gaman að okkar klúbbur skuli hafa verið svona virkur í þessu starfi undanfarna áratugi. Mikilvægt er því að halda þessu starfi áfram, eins og nýja stjórnin fyrirhugar að gera.

Skemmtinefnd starfaði undir forystu Maríu Kristínar Gylfadóttur. Skemmtinefnd er ein af mikilvægustu nefndum klúbbsins og því eins gott að hún sé vel mönnuð.

Árshátíðin var haldin 6 október og var vel heppnuð enda skemmtiatriði vönduð.

Jólafundurinn var haldinn 20. desember og var einnig mjög skemmtilegur. Það var ekki verra að Guðni ágústsson fór þar á kostum, ásamt Séra Gunnari

í Kópavogi, sterkasta presti í heiminum en þeir komu fólki í jólasþap og allir skemmtu sér vel.

Niðjafundur var haldinn 27. desember og hefðu fleiri félagar mátt mæta og þá með afkomendur sína. Það er eins og þessi fundur séu komin í einhverja tilvistarkreppu.

Þorablót var haldið 24. janúar á hefðbundinn hátt og tókst vel.

Verðlaunanefnd nemenda starfaði undir forystu Hjördísar Guðbjörnsdóttur. Fulltrúar úr nefndinni voru viðstaddir skólaslit í grunn- og framhaldsskólum bæjarins. Afhent voru bókarverlaun til þeirra nemenda sem hlótið höfðu hæstu einkunn á brottfaraprófi í sínum skóla. Ég varð þeirra ánægju njótandi að fá að veita verðlaun í tveim skólum. Ég er persónulega mjög ánægð með þessa breytingu þegar ákveðið var að fulltrúi klúbbsins mundi mæta á skólaslitin og veita verðlaunin frá Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar. Þetta gefur tilefni til að kynna klúbbinn. Skólastjórar eru líka mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag.

Framkvæmdasjóði var stýrt af Skúla Þórssyni en við fráfalls hans var samþykkt í stjórninni að Skúli Valtýsson tæki við formensku og Sigurbór Aðalsteinsson kæmi nýr inn í framkvæmdasjóðinn. Fyrir var Jón Auðunn Jónsson. Tekjur framkvæmdasjóðs koma aðallega frá jólamerkja-útgáfunni og jólatrjáasölu úr lundinum okkar. Framkvæmdasjóður hefur veitt styrki til ýmissa verkefna s.s. Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar, Kimberley-verkefnið og sjóðurinn kostaði sálmabók sem gefin var á Hrafnistu og Sólvang Skúli Valtýsson mun kynna reikninga framkvæmdasjóðs hér á eftir.

Öldrunarnefnd undir forystu Sigríðar Kristínar Helgadóttur tók að sér að undirbúa í samráði við séra Einar Eyjólfsson og láta prenta sálmabækurnar sem klúbburinn gaf á hjúkrunarheimilin í bænum Ég var þess heiðurs njótandi að afhenda bækurnar á Sólvang og var það mjög gleðilegt að sjá hvað fólkið var ánægt með þetta framtak klúbbsins.

Ferðanefnd er orðin ein af mikilvægustu nefndum klúbbsins. Í henni voru Einar Eyjólfsson, Hjalti, Guðmundur Rúnar, Hjördís og Sigurbór. Nefndin skipti með sér verkum. Einar, Hjalti, og Guðmundur Rúnar sáu um að skipuleggja og undirbúa ferð til Afríku með viðkomu í Kimberley þar sem verkefnið okkar er. 15 félagar ásamt mökum tóku þátt í ferðinni, samtals 27

manns. Þessi ferð er ógleymanleg og tókst vel að öllu leyti. Félagar voru líka ánægðir að fá að sjá verkefnið með eigin augum.

Hjördís og Sigurbór hafa séð um og skipulagt allar innanlandsferðirnar. 1. september var fjölskylduferð um göngustíg sem liggur frá Straumsvík og út á Herjólfsgötu undir góðri leiðsögn Kristjáns Stefánssonar. 1. maí var farin fjölskylduferð skoðuð voru söfnin á Reykjanesi og núna síðastliðinn laugardag var farin fjölmenn og ógleymanleg ferð á Snæfellsnesið. Skemmtiferðir eru ekki endilega eitt af markmiðum Rótaryhreifingarinnar en við í Rótaryklúbbi Hafnarfjarðar höfum alltaf litið svo á að, það að ferðast saman sé mjög góð leið til að kynnast og efla félagsandann. Ég vil þakka ferðanefndinni fyrir sérstaklega vel heppnuð störf og að hafa boðið uppá svo margar og fjölbreyttar ferðir.

Söngstjórar klúbbsins fengu það verkefni að endurnýja söngbókina frá 1986. Þetta hefur verið mikil vinna og lögð mikil alúð við að fara yfir alla söngtexta taka út og bæta inni eftir því sem við hefur átt. Söngstjórnarnir skiptu því á milli sín að vélrita upp á nýtt alla texta og koma þeim í prentun til Steingríms. Þið fáið að sjá afraksturinn á stjórnarskiptafundinum en þá verður vígð ný söngbók. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim Guðmundi Rúnari, Almari, Sigríði Kristínu og Sigurði Björgvins frábært starf.

URR nefndin hélt á árinu námskeið fyrir klúbbfélaga sem vildu fara í skólana og bjóða upp á námskeið í ræðumensku fyrir 10. bekk. Nefndin sendi erindi í alla grunnskóla bæarins og bauð upp á námskeið, en því miður var enginn skóli sem sá ástæðu til að þiggja þetta góða boð.

Umsjón með rötarygolfi er föst nefnd í klúbbum. Jóhannes Pálmi Hinriksson veitti henni forystu. Í þessum hópi er stöðugt að fjölga og áhuginn að aukast. Nú er bara að vona að okkar mönnum gangi vel í sumar en það mun koma í ljós nú í júlí.

Aðrar nefndir klúbbsins þ.e. klúbbþjónustunefnd, starfsþjónustunefnd, þjóðmálanefnd, alþjóðamálanefnd, félaganefnd, starfsgreinanefnd og rötaryfræðslunefnd gegndu sínu hefðbundnu hlutverki og hver um sig þurfti að sjá um 3-5 fundarefni og tókst það undantekningarlaust með ágætum.

Á jólafundinum voru 3 félagar heiðraðir. Gylfi Sigurðsson var gerður að Paul Harris félagi og Albert Kristinsson og Skúli Þórsson heitinn fengu Poul Harris orðu með safír

Á þorablótinu var Trausti Lárusson heiðraður með Poul Harris orðu með safír.

Þessir félagar okkar eru vel að heiðrinum komnir fyrir frábær störf í þágu klúbbsins.

Stjórnin samþykkti í júní að kosta gerð minningarskjaldar um Bjarna riddara sem settur verður upp við grafreit hans í Lyngby kirkjugarði í Danmörku.

Árið 1964 samþykkti klúbburinn að beita sér fyrir að varðveita og endurbyggja hús Bjarna riddara við Vesturgötu. Það var síðan vígt sem byggðasafn árið 1973. Gerð þessa skjaldar er því vel við hæfi.

Samstarf við rótarýklúbbinn í Kimberley í Suður Afríku.

Eitthvert stærsta og umfangsmesta verkefni sem Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar hefur nokkru sinni ráðist í er bygging dagheimilis fyrir munaðarlaus börn fórnarlamba alnæmis í fátækrahverfinu Galishewe í borginni Kimberley í Suður-Afríku. Ég kynntist aðstæðum þessara barna þegar ég vann á vegum Rauða kross Íslands við aðhlyningu alnæmissjúkra í þessari borg á árunum 2003 og 2004. Félagar í RH og Rótarýklúbbi Suður-Kimberley ákváðu að standa saman að þessu verkefni árið 2006 og Rótarýklúbburinn Reykjavík Austurbær slóst í hópinn seinna sama ár. Bæði Rótarýumdæmið á Íslandi og Alþjóða Rótarýsjóðurinn, The Rotary Foundation, styrkja þetta verkefni, sem mun vera fyrsta samstarfsverkefni af þessum toga sem íslenskir klúbbar eiga við TRF.

Ýmsir félagar í RH hafa stutt verkefnið umfram framlög klúbbsins en einn klúbbfélaginn ber þó langt þar af og án hans aðstoðar hefði verkefnið varla veðrið framkvæmanlegt eða a.m.k. dregist mjög á langinn. Þetta einkaframlag nemur meira en helmingi af því sem verkefnið á að kosta samkvæmt tilboði verktaka. Verður það seint fullþakkað.

Byggingu heimilisins á að vera lokið í september 2008. Þetta eru 470 fermetra múrsteinsbyggingar, fjórar kennslu-og leikstofur, bygging fyrir eldhús, sjúkrahverbergi, geymslu og móttöku og svo hreinlætisaðstaða. Þarna verður rekið dagheimili af sjálfseignarstofnun kvenna í hverfinu fyrir 200 börn, á aldrinum 6 mánaða til 6 ára. Þessi börn hafa misst foreldra sína úr alnæmi og eru sum smituð sjálf. Öll aðstaða og aðbúnaður barnanna verður gjörbylting frá þeim ömurlegu bárujárnsskúrum sem þau hínast nú í. Verkefnið hefur vakið verðskuldaða athygli bæði hér á landi og erlendis.Ég vil nota tækifærið og þakka öllum sem hafa styrkt þetta málefni og veitt mér

hvatningu að halda áfram með verkefnið sem nú er að verða að veruleika það er ómetanlegt. Kærar þakkir.

Rótarýsjóðurinn.

Ákveðið var í fjárhagsáætlun starfsársins að framlög okkar í Rótarýsjóðinn, í gegnum félagsgjöld skyldu nema 60\$ á hvern félag, eða samtals um 4.000\$. Þar fyrir utan hefur klúbburinn gefið framlög til þess að minnast stórafmæla félag okkar, svo og til minningar um látna félag og ennfremur söfnun í grísinn góða. Samtals greiddi klúbburinn 4,800\$ í Rótarýsjóðinn sem er með því hæsta hjá klúbbum umdæmisins

Lokaorð.

Rótarýhjólíð heldur áfram að snúast og nýtt fólk kemur inn í stjórnina í stað þeirra sem hverfa á braut.

Þegar ég horfi til baka er mér efst í huga þakklæti til stjórnarmanna sem hafa unnið með mér á starfsárinu. Þeirra Haraldar Þórs Ólasonar verðandi forseta, Hallgríms Jónassonar ritara, Gylfa Sigurðssonar gjaldkera, Kára Valvessonar stallara og Guðna Gíslasonar fyrirverandi forseta,

Og mig langar líka til að þakka ykkur félögum mínum í klúbbum fyrir frábært samstarf á starfsárinu.

Það hefur verið gaman að starfa með ykkur. Þetta hefur verið viðburðaríkt ár.

Mætingar hafa verið góðar. Skemmtileg stemming hefur verið á fundunum og erindi hafa verið fræðandi.

Góð mæting eru lykilatriði í starfi klúbbsins.

Með góðri mætingu takast góð kynni okkar á milli og samstaðan eflist.

Já þá er gaman að vera félagi í Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar.

Gunnhildur Sigurðardóttir

Forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar, starfsárið 2007-2008.